

Samkomulag um útfærslu á E lið stigamats.

E - Þjónusta innan eða utan Háskólans og fyrri störf

Metin er starfsreynsla í fyrri störfum, sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin enda sé hún á fræðasviði kennarans og nýtist í því starfi, að hámarki 100 stig.

Höfð er hliðsjón af starfsreynslustigum nýráðinna kennara við frumröðun þeirra í launaflokk. Matsnefnd skal meta starfsreynslu til kennslu- og/eða rannsóknastiga, þrátt fyrir að viðkomandi fullnægi ekki öllum skilyrðum matsreglna, t.d. um birtingu rannsóknaniðurstaðna. Tilfærsla stiga samkvæmt þessum lið getur þó aldrei numið meiru en 1/5 hluta heildarstarfsreynslustiga.

Til að meta hvernig fyrri störf nýtast í starfi við Háskólann á Akureyri skal miðað við að starfsreynsla á fræðasviði kennarans að loknu BS/BA/BEd háskólaprófi (eða sambærilegu prófi) jafngildi 4 stigum á ári miðað við fullt starf. Til viðbótar er það tímabil fyrri starfa sem viðkomandi hafði meistaraþróf eða doktorsþróf metið til 1 stigs á ári (meistarapróf 1 stig og doktorsþróf 1 stig). Til viðbótar má meta til 2ja stiga ef kennari hefur áður gengt stjórnunarstöðu og 2ja stiga fyrir rannsóknastarf á sínu fræðasviði.

Kennurum, sem voru ráðnir að Háskólanum á Akureyri áður en þessi regla gekk í gildi, verði gefinn kostur á endurmati fyrri starfa samkvæmt E lið.

Nýtt endurskoðað mat tekur gildi 1 sept. 2004.

Vinnureglur:

Sem vinnuregla er miðað við að starfsmaður fái að hámarki 10 stig á ári vegna fyrri starfsreynslu í stigamati HA.

Akureyri 18.02.04